



Borgarráð

Tilnefning fulltrúa í stjórn Bjarkarhlíðar

Hjálögð eru drög að samþykktum fyrir Bjarkarhlíð dags. 20. febrúar 2017. Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum Reykjavíkurborgar í stjórn samtakanna. Lagt er til við borgarráð að formaður ofbeldisvarnarnefndar sé annar fulltrúanna og verði varamaður hans úr hópi borgarfulltrúa. Að auki er lagt til að velferðarsvið skipi einn fulltrúa og fulltrúi mannréttindaskrifstofu verði varamaður þess fulltrúa.

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Samþykktir fyrir Bjarkarhlíð

1. gr.

Nafn og aðsetur

Samtökin heita Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og eru stofnuð sem samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Drekaslóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar.

Aðsetur samtakanna er Bjarkarhlíð við Bústaðaveg, 108 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur samtakanna

Tilgangur samtakanna er að stofna og reka miðstöðina Bjarkarhlíð sem er miðstöð fyrir fullorðið fólk sem hefur verið beitt ofbeldi, meðal annars til að:

- a) Samhæfa þjónustu og úrræði fyrir þolendur ofbeldis á einum stað.
- b) Efla fræðslu, þekkingu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, vera miðstöð upplýsinga og fræðslu um málefni sem tengjast ofbeldi og fylgjast með rannsóknum og nýjunum í málaflokknum.
- c) Bæta þjónustu fyrir hópa í samfélaginu sem aukin hætta er á að verði fyrir ofbeldi.
- d) Stuðla að þverfaglegri samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn m.a. með að búa til samstarfsvettvang opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem eru með þjónustu við þolendur ofbeldis.
- e) Skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem þolendur ofbeldis mæta skilningi og þekkingu á aðstæðum sínum.

3. gr.

Tilgangi samtakanna skal náð meðal annars með því að:

- i) Veita þjónustu fyrir einstaklinga 18 ára og eldri þegar þess er óskað.
- ii) Veita samþætta þverfaglega þjónustu með aðkomu samstarfsaðila á sviði félagsráðgjafar, lögfræðilegrar ráðgjafar, sálfræðiráðgjafar, áfallavinnu, upplýsingagjafar og fræðslu.

- iii) Vera samstarfsvettvangur aðila sem vinna með brotaþola ofbeldis og stuðla að fræðslu, námskeiðum og umfjöllun um málefnið.
- iv) Vera miðstöð upplýsinga sem tengjast málefnum þolenda ofbeldis.
- v) Halda úti heimasíðu um ofbeldi og afleiðingar þess og koma upplýsingum um ofbeldi á framfæri við fjölmiðla og samskiptamiðla.
- vi) Stuðla að útgáfu og dreifingu efnis um ofbeldi.
- vii) Eiga samstarf við sambærilega aðila héraðs og erlendis.

4. gr.

Aðild

Aðilar að samtökunum eru Reykjavíkurborg, velferðarráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót, Drekaflóð, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennáráðgjöfin. Þessir aðilar sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu um þróunar- og samstarfsverkefnið Bjarkarhlíð þann 4. október 2016.

5. gr.

Stjórnskipulag

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna, en hann skal halda árlega eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert.

Á fundum samtakanna fer hver fulltrúi með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum nema annars sé sérstaklega getið í samþykktum.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

Stjórn samtakanna skulu skipa fulltrúar allra aðila að samtökunum, einn frá hverjum utan Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis sem skulu hafa tvo fulltrúa í stjórn. Stjórn er skipuð til eins árs í senn.

Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund..

6. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal hann halda árlega eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur ef rétt er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

2. Skýrsla stjórnar
3. Afgreiðsla ársreikninga síðastliðins árs
4. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs
5. Lagabreytingar
6. Kosning fimm manna framkvæmdastjórnar og fimm til vara
7. Kosning endurskoðanda
8. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin

Til aðalfundar skal boðað með fundarboði sem senda á með sannanlegum hætti til allra aðila samtakanna með viku fyrirvara og skal fundarefnis getið í fundarboði. Fundarboði skal fylgja skrifleg skýrsla stjórnar ásamt ársreikningi árituðum af endurskoðanda samtakanna.

Formaður framkvæmdastjórnar skal kosinn sérstaklega enn aðrir fulltrúar í framkvæmdastjórn skipta með sér verkum. Fulltrúar í framkvæmdastjórn skulu kosnir til eins árs í senn og aldrei sitja lengur samfleytt en í fjögur ár.

7. gr. Stjórn

Framkvæmdastjórn skal móta og hafa eftirlit með störfum samtakanna, þ. á m. taka ákvarðanir um ráðningar starfsfólks og allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir sem teknar eru utan aðalfundar. Stjórnarfundir skal halda eigi sjaldnar tvisvar á starfsárinu.

Framkvæmdastjórn skal skipuð formanni, sem veitir henni forystu, varaformanni og gjaldkera auk tveggja meðstjórnenda og skal framkvæmdastjórn fara með önnur mál er lúta að daglegum rekstri. Framkvæmdastjórn skal funda svo oft sem þurfa þykir.

Stjórn og framkvæmdastjórn skulu rita fundargerðir þar sem bókaðar skulu niðurstöður hvers máls sem tekið er fyrir á fundi.

Framkvæmdastjórn getur með samþykki stjórnar gert tímabundna starfssamninga við ýmsa aðila um tiltekna þætti í starfi Bjarkarhlíðar, hvort heldur er félagasamtök, opinberar stofnanir eða aðra sem láta sig sérstaklega varða viðfangsefni stofnunarinnar, sbr. 3. gr.

Komi upp alvarlegur ágreiningur innan framkvæmdastjórnar skal bera hann undir stjórn svo fljótt sem auðið er.

8. gr.

Fjármál.

Stjórnin skal afla samtökunum starfsfjár og hafa eftirlit með vörslu og meðferð fjármuna. Í upphafi skulu stofnaðilar leggja samtökunum til stofnfé samkvæmt nánara samkomulagi. Nýir aðilar skulu leggja til sambærileg framlög. Að öðru leyti gerir stjórn samtakanna tillögur um fjáröflun til reksturs samtakanna m.a með almennum fjárstyrkjum frá einkaaðilum og opinberum aðilum og með framlögum til einstakra afmarkaðra verkefna.

9. gr.

Málsmeðferð.

Fara skal með allar upplýsingar sem berast Bjarkarhlíð sem trúnaðarmál og skal meðferð þeirra ávallt vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá skal öll öflun gagna og upplýsinga unnin í samvinnu við viðkomandi einstakling og leitað eftir samþykki hans þar sem því verður við komið.

10. gr.

Breytingar á samþykktum.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt með atkvæðum 2/3 hluta allra aðildarfélaganna á aðalfundi og skal breytingartillagna getið og þeim lýst í fundarboði. Breytingartillögur skulu sendar formanni framkvæmdastjórnar í febrúar-mánuði til afgreiðslu á aðalfundi.

Lög þessi eru samþykkt á stofnfundi Bjarkarhlíðar þann xx 2017 og undirrituð af fulltrúum allra stofnaðila

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Velferðarráðuneytis

F.h. Innanríkisráðuneytis

F.h. Lögreglunnar á
höfuðborgarsvæðinu

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

F.h. Stígamóta

F.h. Drekaslóðar

F.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

F.h. Kvennaráðgjafarinnar